

## **Efnisyfirlit**

|                               |    |
|-------------------------------|----|
| Inngangur                     | 2  |
| Tilgangur fornleifaskráninga  | 2  |
| Fornleifaskráning og aðferðir | 4  |
| Aðferð við skráningu          | 5  |
| Jarðanúmer                    | 5  |
| Tegund, hlutverk og heiti     | 5  |
| Lega                          | 5  |
| Staðhættir og lýsing          | 6  |
| Hættumat                      | 6  |
| Heimildir                     | 6  |
| Saga jarðanna og fornleifar   | 6  |
| Saga Ísabakka                 | 7  |
| Náttúrufar og jarðabætur      | 8  |
| Ísabakki-166777-337-1         | 8  |
| Ísabakki-166777-337-2         | 10 |
| Samantekt                     | 10 |
| Heimildaskrá                  | 12 |

## **Inngangur**

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags vegna Ísabyggðar (Frístundabyggð) í landi Ísabakka í Hrunamannahreppi var unnið í október 2004 að ósk Agnars Jóhannssonar bónda á Ísabakka. Vegna fyrirhugaðra framkvæmda var Byggðasafn Árnesinga fengið til þess að skrá svæðið, sem þekur um 158.188m<sup>2</sup>.

Mánudaginn 18. október 2004 voru gögn yfirfarin með Agnari, þar sem hann kynnti hugmyndir varðandi svæðið. Ætlunin er að byggja á þessu svæði en bæjarhóllinn sem þar er verður óskertur, enda er hann afgirtur og verður svo áfram. Við lok fundar var farið um svæðið og minjastaðir skráðir.

Skráninguna önnuðust fornleifafræðinemar úr Háskóla Íslands þær Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Edda Linn Rise fyrir hönd Byggðasafns Árnesinga, undir stjórn Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings Byggðasafns Skagfirðinga.

## **Tilgangur fornleifaskráninga**

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalaus. Fornleifaskráning kemur að notum í

minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Það er hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og oft undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er ekki heldur æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

### **Fornleifaskráning og aðferðir**

Fornleifaskráning á vettvangi var takmörkuð við það svæði sem verið er að deiliskipuleggja í landi Ísabakka í Hrunamannahreppi. Áður en vettvangskonnnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Svæðisskráning Fornleifastofnunnar Íslands var höfð til hliðsjónar. Þær upplýsingar sem hér koma fram eru allar skráðar í Sarp, sem er sameiginlegur gagnagrunnur menningasafna landsins. Við mat af þessu tagi eru aðeins skráðar þær fornleifar sem geta orðið fyrir raski eða eru í námunda við framkvæmdirnar.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagskort frá Verkfræðistofu Guðjóns Þ. Sigfússonar ehf.

## **Aðferð við skráningu**

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

## **Jarðanúmer**

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða -stöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d.

Ísabakki: 166777, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens, 337 í nefndu tilviki. Þar að auki eru fornleifunum gefin raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði á Ísabakka væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: 166777-337-1

## **Tegund, hlutverk og heiti**

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Stöðulholt, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra er lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

## **Lega**

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi í formi ísnethnita og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort sem unnið var af Verkfræðistofu Guðjóns Þ. Sigfússonar ehf., það er hér birt með góðfúslegu leyfi höfunda.

## **Staðhættir og lýsing**

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

## **Hættumat**

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta sem fyrr segir leynst undir sverðinum.

## **Heimildir**

Vísað er í helstu ritheimildir um hverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

## **Saga jarðanna og fornleifar**

Eftirfarandi er hin eiginlega fornleifaskráning með aðfaraorðum um Ísabakka.

## Ísabakki - 166777-337

### Saga

Engar heimildir eru til um upphaf byggðar á Ísabakka er en elsta ritaða heimildin um staðinn er frá árinu 1331 og er í *Íslenzku fornbréfasafni*. Þar segir: „af þessum bæum er oc tiund j runa selium badum oc Jsabacka” (DI II: 664). Aftur er talað um Ísabakka í skrifum frá árinu 1397 í *Íslenzku fornbréfasafni* og segir þar: „Af þessum bæiumm er oc tiund j Hrunaselium badum oc Jsabacka” (DI IV: 42). Aftur birtist Ísabakki ekki í heimildum fyrr en fjórum öldum síðar.

Árið 1709 voru bæir skráðir í Ytri Hreppi fyrir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þar er Hvítárholt sagt hjáleiga frá Ísabakka og þá er Ísabakki í eigu Skálholts dómkirkju. Flóð úr Hvítá höfðu á þessum tíma spilt túni og engjum svo felldar voru niður allar kvaðir (JÁM II: 262-3).

Samkvæmt *Manntalinu 1816* bjuggu á Ísabakka ellefu manns en 23 árum síðar eða árið 1839 er býlið komið í eyði. Í Sýslu- og sóknalýsingum (bls. 125-6) er sagt að Hvítárholt sé nýbýli en byggð á Ísabakka aflögð vegna hættulegra flóða úr Hvítá. Í sömu bók segir einnig að ferja hafi verið frá Ísabakka yfir Hvítá en að hún hafi verið flutt að Hvítárbakka þegar Ísabakki fór í eyði.

*Jarðatal Johnsens* er gefið út 1847 og er þá nafn Ísabakka haft í sviga á bak við nafn Hvítárhólts og er sú jörð þá í kirkjueign (JJ: 68). Árið 1866 virðist Ísabakki vera aftur komin í byggð. Í ritinu *Kirkjur Íslands* kemur fram að Ísabakki greiddi tíund og ljóstolla til Hrunakirkju og að bóndinn Ögmundur Þórarinsson frá Ísabakka vann við byggingu Hrunakirkju sem var reist 1865-66 (KK I:59, 64). Árið 1921 teiknaði Valdimar Bjarnason túnakort af Hvítárholti og er tún Ísabakka merkt inn á það. Á túnakortinu eru þó engar byggingar sýndar enda segir þar að Ísabakki sé eyðibýli.

Nýbýli var reist í landi Ísabakka árið 1974 og þá var býlið búið að liggja í eyði í rúm hundrað ár. Nýbýlið reistu Anna Sigurðardóttir og Helgi Jónsson (SB I: 309).

### **Náttúrufar og jarðabætur:**

Svo segir um jörðina Ísabakka í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín:

„Fóðrast kann vi kúa þungi. Lax- og silúngs-veiði hefur verið í Hvítá, en nú í mörg ár ekki að stóru gagni... Ísabakkaey, sem liggur í Hvítá, brúkar jörðin til slæгна. Túni og engjum jarðarinnar hefur Hvítá stórum spillt. Útigangur er hjer svipull á láglendi, sem kemur í svell eftir leysingar á vetur." (JÁM II: 263)

Samkvæmt Túnakorti sem Valdimar Bjarnason teiknaði í des. 1921. var tún Ísabakka 1.68 ha sléttað og girt (Eyðibýli).

Í *Sunnlenskum byggðum* segir svo um jörð Ísabakka: „Landið er mjög grasgefið og sumarhagar góðir með afbrigðum, og eins engjar. Vetrararbeit er lítil á skjóllausu flatlendi. Veiðiréttur er í Hvítá. Malartekja er við ána. Landið er afgirt.” (SB I: 309). Nú á dögum [2004] er ræktað land jarðarinnar 40,8 ha. (fmr.is)

**Ísabakki** - 166777-337-1

**Nr. Í svæðisskrá Fornleifastofnunar:** ÁR-337b:001

**Tegund:** Bæjarhóll

**Hlutverk:** Bústaður

**Staðsetning:** E433551, N406195


### **Staðhættir og lýsing:**

Bæjarhóll er um 250 m norður (NNA) af núverandi bæjarstæði Ísabakka um 45 m austur af árbakka Hvítár er myndarlegur bæjarhóll á svæði sem kallast Ísabakki. Hann er við norðurenda Ísabakkatúns og austan við norðurenda Eyrarinnar svokallaðrar sandeyrar á vesturbakka Hvítár Hóllinn er í slegnu túni (Ísabakkatúni) en girðing er umhverfist hólinn allan svo ekkert hefur verið hróflað við honum. Á bæjarhólnum eru bæjartóftir sem ná yfir mjög stórt svæði og virðast allar vera frá sama byggingarskeiði. Syðst í hólnum eru tóftir bæjarhúsanna en norðan í hólnum eru tóftir sem kunna að vera af útihúsum.

Tóftirnar á bæjarhólnum eru stórar og veggjalög vel greinileg en hæst er vegghleðslan um 2 m. Viða sér í hleðslustein sem er flöguberg einhverskonar um 5-10 cm þykkt. Bær þessi hefur að öllum líkindum verið gangabær með áföstu fjósi og hlöðu auk

fleiri bygginga. Á lengdina (suður/norður) er bæjarhóllinn tæpir 32 m en á breiddina er hann breiðastur um 19 m.

Bærinn hefur fjögur eða fimm rými (fjór- eða fimmskiptur). Á suðurhliðinni eru þrennar dyr og liggja tvennar þeirra inn í bæinn og einar inn í áfasta tóft austan við hann. Sú tóft liggur norður-suður, skiptist í tvennt og er sömuleiðis inngangur í syðri hluta hennar á austur gaffli. Tvær stórar tóftir eru samliggjandi vestanvert í bæjarhólnum en ekki sér fyrir inngangi í þær. Þó er innangengt á milli þeirra og innangengt er úr syðri tóftinni yfir í litla tóft austan til í hólnum Báðar stóru tóftirnar eru u.þ.b. 6 m á lengdina norður/suður en nyðri tóftin er þó breiðari og er um 7 m á



breidd en hitt um 5 m. Leifar af vegg sem gæti verið bútur af stærri garði liggur til suðurs á um 5 m kafla frá norðvesturhorni bæjarhólsins. Engin frekari garðlög eru greinileg umhverfis tóftina. Tvær smærri tóftir eru áfastar austan stóru tóftanna tveggja, þær snúa austur-vestur og eru dyr úr þeim báðum til austurs. Lítil tóft er svo í norðaustur horni bæjarhólsins og vita dyr hennar til norðurs.

**Ástand:** Ástand gott

**Hættumat:** Hætta vegna fyrirhugaðra framkvæmda og byggðar.

**Ísabakki-166777-337-2**

**Nr. í svæðisskrá Fornleifastofnunar:**

ÁR-337b:002

**Tegund:** heimild

**Hlutverk:** Kvíar

**Sérheiti:** Stöðulholt

**Staðsetning:** E433455, N406019

**Staðhættir og lýsing:**

„Stöðulholt (13) er fram af túni á Ísabakka, en mýrarsund með flóði á milli. Það var gert að túni 1964; þar voru 10-20 húsa- eða kofa rústir frá



Ísabakka. Eyrin er þar í ánni á móti, og rennur Kvísl á milli. Sagt er, að mikið landbrot hafi þarna átt sér stað á síðustu 150 árum” (Ö-Hvítárholt viðbætur, 1).

Á þessu svæði er nú slegið tún (Ísabakkatún) og ekki sér móta fyrir neinum tóftum. Túnið sem Stöðulholt er á og tóftirnar á Ísabakka [166777-337-1] er skipt í tvennt af skurði sem fer í vinkel í gegnum túnið í A/V. Smá hóll er á Stöðulholti og er rafmagnsstaur í honum miðjum og sagði Agnar bóndi að það væri í u.þ.b. miðju Stöðulholti. Það er nokkurn veginn jafn langt frá núverandi bæjarstæði á Ísabakka í Stöðulholt eins og frá Stöðulholti í tóftir bæjarhólsins en það eru á milli 150-200 m, en Stöðulholt er í hánorður frá bæjarstæðinu en tóftirnar meir í NNA.

**Hættumat:** Allt er horfið en hætta er vegna ábúðar

### **Samantekt**

Tvö minjasvæði eru innan reitsins sem var skráður vegna deiliskipulags. Vestast í túni eru rústir gamla Ísabakkabæjarins enn vel glöggar og standa á nokkrum bæjarhóli. Bæjarhóllinn hefur verið girtur af honum til verndar en allt umhverfis hann er nú sléttað tún og er engar frekari minjar að sjá á því svæði.

Suðvestan bæjarrústarinnar er svokallað Stöðulholt. Þar voru tún sléttuð á sjötta áratug 20. aldarinnar og þá rutt um útihúsa og kofarústum frá Ísabakka. Engar minjar eru nú sýnilegar á Stöðulholti.

Gætt hefur verið að því við sléttun túna að ekki væri hróflað við bæjarhólnum og í því augnamiði hefur hóllinn verið girtur af. Ætlunin er að hann verði áfram afgirtur og er

vilji heimamanna að bæjarhóllinn haldist áfram heill og óskemmdur. Mikilvægt er að ekki verði byggt of nálægt hólnum, bæði rýrir það minjagildi rústanna auk þess sem minjar kunna að leynast í jörðu í námunda við bæjarstæðið þótt þær sjáist ekki á yfirborði. Einnig er mikilvægt að ekki verði plantað gróðri í eða við hólinn en rætur trjáplantna kunna að valda skemmdum á jarðlægum mannvistarleifum svo sem veggja- og góflögum.

Á Stöðulholti og umhverfis bæjarhóllinn er nú sléttað tún og engar minjar að sjá á yfirborði sem taka þarf tillit til við framkvæmdir. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þeirra sjái ekki stað ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar.

## Heimildaskrá

*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar.* 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna.

Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín.*

Gefin úr af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn.

*Diplomatarium islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn.* Annað bindi. 1893. Gefið út af hinu íslenska bókmenntafélagi, Kaupmannahöfn.

*Diplomatarium ilsandicum. Íslnezkt fornbréfasafn.* Fjórða bindi. 1897. Gefið út af hinu íslenska bókmenntafélagi, Kaupmannahöfn.

Fasteignamat ríkisins. *Fasteignin mín.* [www.fmr.is](http://www.fmr.is)

*Hvítárholt viðbætur.* Örnefnastofnun. Árnessýsla, Hrunamannahreppur.

J. Johnsen. 1847. Jarðatal á Íslandi. Gefin út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

*Kirkjur Íslands* 1. bindi. 2001. Ritstjórn: Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Þorsteinn Gunnarsson formaður Húsafriðunarnefndar ríkisins og Karl Sigurbjörnsson biskup. Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins og Biskupsstofa, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1816.* 1947. Prentað að tilhlutan Aettfræðifélagsins með styrk úr Ríkissjóði. Prentsmiðja Björns Jónssonar H.F., Akureyri.

*Sunnlenskar byggðir. Tungur, Hreppar, Skeið.* 1986. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands.

Sædis Gunnarsdóttir. 2001. *Menningarminjar í Hrunamannahreppi, svæðisskráning.* Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Valdimar Bjarnason. *Túnakort. Hvítárholt Hrunamannahreppi.* Des. 1921.

Ölversholti.

Þórður Magnússon. 1912. *Hvítárholt.* Örnefnastofnun. Árnessýsla, Hrunamannahreppur.